

128. fundur í skólanefnd ME
haldinn miðvikudaginn 10. feb. 2016 kl. 12:30
í fundaherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir og Ragnhildur Rós Indriðadóttir. Halldór Warén og Lára Vilbergsdóttir komu sem varamenn í forföllum Estherar Gunnarsdóttur og Gauta Jóhannessonar.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Hlynur Ármannsson, Steinunn Snædal og Rebekka Karlsdóttir. Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari, Elín Rán Björnsdóttir mannauðsstjóri og Árni Ólason áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Staðfesting fundargerðar 127. fundar**
- 2. Ný umhverfisstefna ME**
 - Kynning
 - Umræður og afgreiðsla
- 3. Starfsmannaráðningar**
 - Horfur fyrir næsta skólaár
 - Auglýsing stöðu skólameistara
- 4. Fjármál**
 - Rekstrarreikningur 2016 - bráðabirgðaniðurstaða
 - Fjárhagsáætlun fyrir 2016
- 5. Önnur mál:**
 - a. Kynning: Opnir dagar í ME 2016**

Á undan fundinum nutu þeir fundarmenn sem tók höfðu á hádegisverðar í mötuneyti skólans. Formaður setti fund kl. 12:30 og gengið var til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar 127. fundar

Fundargerð 127. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var nú undirrituð.

2. Ný umhverfisstefna ME

Elín Rán mannauðsstjóri kynnti endurskoðaða umhverfisstefnu skólans og helstu áhersluatriði hennar. Stefnt er að því að sækja um Grænfánann eigi síðar árið 2018 og ítarlegri umhverfisstefna kemur þá inn í sáttmála Grænfánans. Sorpflokkun er komin vel á veg í skólanum og ME virðist fyrstur framhaldsskóla til að flokka rusl inni á heimavistum. Undirmarkmið eru sett fyrir næstu þrjú ár með stöðumati fyrir hvert ár. Stefnt er að því að hengja upp umhverfisupplýsingar á vegg skólans á næstunni.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með umhverfisstefnuna og bentu á að rétt væri að skólinn vekti athygli fjölmiðla á brautryðjendastarfi í flokkun sorps á heimavist sem væri tilkomin að frumkvæði nemenda. Þá var kolefnisjöfnun nefnd sem eitthvað er mætti taka til athugunar við næstu endurskoðun. Skólanefnd samþykkti síðan umhverfisstefnuna athugasemdalaust.

3. Starfsmannaráðningar

Skólameistari kynnti horfur vegna starfsmannaráðninga á haustönn 2016. Auglýst verður eftir skólameistara og fjármálastjóra ásamt 50% starfi í efnafræði og stærðfræði.

Formaður skólanefndar lýsti umsóknarferli skólameistara fyrir fundarmönnum. Skólanefnd kemur að málinu á fyrsta stigi, þ.e. tekur við umsóknarbunka, greinir hæfni umsækjenda og skilar skriflegum umsögnum til ráðuneytis. Þar fer síðan sérstök valnefnd yfir umsagnirnar og ráðherra lýkur ferlinu með skipun nýs skólameistara.

Skólanefnd telur brýnt að staða skólameistara verði auglýst laus til umsóknar sem fyrst. Formaður skólanefndar tók að sér að áretta það við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Boðað verður til næsta skólanefndarfundar þegar umsóknir um stöðu skólameistara ME liggja fyrir.

4. Fjármál

Skólameistari kynnti drög að rekstrarreikningi 2015 og fjárhagsáætlun fyrir 2016. Rekstarniðurstaða ársins 2015 var neikvæð um rúmar 4 milljónir þannig að höfuðstóllinn minnkaði sem því nam og er nú aðeins um 5,5 m.kr. Fjárveiting 2016 dugar að líkindum ekki fyrir óbreyttri starfsemi enda er fjárveitingin miðuð við 276 ársnemendur en fjöldi ársnemenda 2015 er áætlaður á bilinu 310-320. Að auki virðast uppbætur vegna launabreytinga 2015 og 2016 vanáætlaðar í fjárukalögum fyrir 2015 og fjárlögum 2016. Að mati skólameistara þarf að bregðast við þrengri fjárhag með aðhaldi hvað varðar launaútgjöld. Sérstaklega þarf að huga að umfangi fjarkennslu og greiðslufyrirkomulagi vegna hennar og eru þau mál í ferli innan samstarfsnefndar skólans. Búast má við fækkun stöðugilda í kennslu á komandi haustönn en umfang þeirrar fækkunar ræðst af aðsókn í dagskóla og fyrirkomulagi fjarkennslu.

Formaður skólanefndar upplýsti að þeir skólameistari hefðu átt fund í janúar með stjórn SSA til að ræða um brýnustu hagsmunamál framhaldsskólanna hér fyrir austan. Þar hefðu þeir lagt áherslu á að sækja yrði fjármuni til að greiða fyrir nemendur í fjarnámi enda væri það helsta sóknarfæri skólans og grundvöllur þess að takast megi að halda uppi viðunandi námsframboði.

5. Önnur mál

a. Kynning: Opnir dagar í ME 2016

Skólameistari kynnti dagskrá opinna daga fyrir fundarmönnum. Opnudaganefnd tók til starfa strax við upphaf haustannar. Mikil fjölbreytni er í því sem boðið er upp á þessa þrjár daga sem kennslan er brotin upp. Veður setti þó strik í reikninginn strax fyrsta dag þegar þurfti að fresta skíðaferð og ferð niður á Norðfjörð í Fab-Lab. Skólanefndarmenn gengu um skólann og litu inn á námskeið eftir fund í fylgd skólameistara.

b. Sóknarfæri

Fundarmenn ræddu um möguleika þess að koma á fót einhvers konar ferðamálalínu við skólann, hugsanlega í samvinnu við samtök innan þessa geira. Einnig var bent á að dusta mætti rykið af skógræktarlínu sem eitt sinn var þróuð líkt og ferðamálalína.

Því beint til skólameistara og áfangastjóra að kanna með styrki úr Sprotasjóði til að vinna að þessu.

Það er ljóst að ME þarf berjast fyrir því að halda uppi þjónustu við nemendur sína og halda þeim nemendafjölda sem þarf til að skólinn sé öflugur. Lauslegar kannanir sýna að síðustu tvö ár hafa um 30% (40/140) 10. bekkinga í fjórðungnum farið í framhaldsskólanám utan fjórðungs. Það hlutfall er full hátt og sóknarfæri í að halda fleiri nemendum innan fjórðungs.

Kynningarmálin voru rædd í þessu samhengi og mikilvægi þess að skólinn væri sýnilegur og státaði af styrkleikum sínum sem væru m.a. fólgnir í öflugri bóknámi og skapandi greinum. Einnig var nefnt hvort ekki mætti koma á einhverju eins og Tæknideginum hjá VA og sækja til þess styrki.

c. Samstarf framhaldsskólanna

Skólameistarar, áfangastjórar og námsráðgjafar VA og ME funduðu fyrir skömmu og fóru yfir samstarfsfleti. Þar var m.a. rætt um að endurvekja Ólympíuleika Austurlands og auka samvinnu í félagslífinu. Það er að hluta komið strax til framkvæmda því að Barkinn, söngkeppni framhaldsskólanna, verður haldin saman fyrir skólana. Aftur verður efnt til sameiginlegrar kynningar á skólunum fyrir grunnskólanemendur í tengslum við Skólahreystidaginn í mars. Þá er byrjað að ræða um sameiginlegt kynningarefni til að senda á grunnskólanemendur en ekki verður þó af því á þessari vorönn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:50.

Fundargerð ritaði Árni Óla.